

SKATTUR Á FYRIRTÆKI

fyrirtækjaskattaréttur

Uppgjör tekjuskattsstofns

Framtal í erlendri mynt

Framtal til skatts o. fl.

Hliðrað skattár

Greiðsla fyrirtækjaskatta

Skattskyldir aðilar

Val á fyrirtækjaformi, auðkenni

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki 8

Mjög þýðingarmikið efni

Efnisyfirlit

- Í undanförnum tímum höfum við einbeitt okkur að tekjunum og **hvað megi draga frá þeim** skv. lögum
- Í þessum tíma ætlum við hins vegar að ræða um uppgjör tekjuskattsstofns og framtal hans til skatts
- Áhersluorðin eru því tekjuskattsstofn, framtal, ársreikningur, ábyrgð, innlend og erlend mynt, skattaskuldbinding o. fl.

Ákvörðun tekjuskattsstofns

Skattur er reiknaður af tekjuskattsstofni

- Tekjuskattsstofn atvinnurekenda er fundinn með því að leggja saman þær heildartekjur sem tilheyra starfseminni
- Frá þessum tekjum má síðan að draga þau heildargjöld sem á árinu hafa gengið til að afla teknanna og frádráttur er sérstaklega leyfður á
- Tekjuskattur atvinnurekenda er því nettóskattur gagnstætt tekjuskatti einstaklinga (utan rekstrar) sem að meginstefnu til er brúttóskattur
- Um uppgjör tekjuskattsstofns þeirra sem stunda atvinnurekstur er ákvæði í 61. gr. TSL og hljóðar það svo:

61. gr. TSL

tekjulindarskattur-indkomstkildeskat

- Tekjuskattsstofn er sú fjárhæð sem skattur er reiknaður af og ákveðst (hann) þannig:
 1. Tekjuskattsstofn manna, sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, telst tekjur skv. II. kafla, eftir því sem við á, að teknu tilliti til þess frádráttar sem slíkum aðilum er heimilaður skv. 30. gr.
 2. Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.
 3. Tekjuskattsstofn manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er þessi:
 - a) Tekjur skv. II. kafla, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.
 - b) Tekjur skv. II. kafla, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr.

Samanlagðar tekjur ákveðnar eftir a- og b-liðum mynda tekjuskattsstofn aðila samkvæmt þessum tölulíð. Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þannig að b-liður þessa tölulíðar verði neikvæður, telst tekjuskattsstofn einungis tekjur skv. a-lið.

Tap af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi, en heimilt er að yfirfæra það skv. 8. tölul. 31. gr. og draga það frá hagnaði sem síðar kann að myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila

Ekki heimilt að jafna tapi af atv. á móti hagnaði af launum

Framtal til skatts, sbr. 91. gr. TSL

Undirritaður ársreikningur

Undanþegnir skattskyldu skv. 4. tölu. 4. gr. TSL
→ verja hagnaði sínum til almenningsheilla

Skattframtalið

- Allir, sem skattskyldir eru skv. 1. kafla laga þessara, svo og þeir sem telja sig undanþegna skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr., skulu afhenda ríkisskattstjóra skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður þar sem greindar eru að viðlögðum drengskap tekjur á síðastliðnu ári og eignir í árslok, svo og önnur atriði sem máli skipta við skattálagningu
- Skýrslu lögaðila og einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 eða eftir atvikum laga um ársreikninga nr. 3/2006, ásamt sérstakri greinargerð um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður
- Ríkisskattstjóri getur gert lögaðilum og einstaklingum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skylt að skila skýrslu í tölvutæku formi

Undirritaður ársreikningur

Sjá lög nr. 145/1994 um bókhald

- Þeir sem bókhaldsskyldir eru skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár samkvæmt lögum þessum enda séu ekki gerðar **strangari kröfur** í öðrum lögum
- Ársreikningurinn skal a.m.k. hafa að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning, svo og skýringar eftir því sem við á. Ársreikningurinn skal mynda eina heild
- Reikningsárið skal vera tólf mánuðir og miðast við mánaðamót. Nýtt reikningsár hefst daginn eftir að fyrra reikningsári lýkur. Við upphaf eða lok rekstrar eða breytingu á reikningsári getur tímabilið verið skemmra eða lengra, **þó aldrei lengra en fimmtán mánuðir**
- Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum. Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal undirritaður **af þeim sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 5. gr.**
- Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum skal hann undirrita reikninginn með árituðum fyrirvara. Koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er

Skil á ársreikningi

109. gr. og 120. gr. ÁRS

- Ársreikningaskrá skal leggja stjórnvaldssektir á þau félög sem vanrækja skyldu samkvæmt lögum þessum til að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar innan þeirra fresta sem kveðið er á um í 109. gr. Þegar frestur skv. 109. gr. til skila á ársreikningi eða samstæðureikningi er liðinn skal ársreikningaskrá leggja á viðkomandi félag stjórnvaldssekt að fjárhæð **600.000 kr.** og jafnframt krefjast úrbóta
- Skili félag ársreikningi eða samstæðureikningi innan 30 daga frá tilkynningu um álagningu stjórnvaldssektar skal ársreikningaskrá lækka sektarfjárhæðina um 90%. Ef úrbætur eru gerðar innan tveggja mánaða frá tilkynningu sektarfjárhæðar skal lækka sektarfjárhæðina um 60%. Ef úrbætur eru gerðar innan þriggja mánaða frá tilkynningu sektarfjárhæðar skal lækka sektarfjárhæðina um 40%
- Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi

Ábyrgð á bókhaldi og ársreikningsgerð, sbr. 5. gr. BÓK

Stjórnarformaður/framkvæmdastjóri

Einstaklingar í rekstri

Stjórnendur þeirra félaga, sjóða og stofnana, sem um ræðir í 1.–7. tölul. 1. gr., og þeir sem ábyrgð bera á starfsemi skv. 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., sbr. og 2. mgr. 1. gr., skulu sjá um og bera ábyrgð á að ákvæðum laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim verði fullnægt

Þýðing undirritunar.
Maður ábyrgist það
sem stendur í árs-
reikningnum

3. gr. laga um ÁRS Bótaábyrgð

Ekki þýðir því að segja,
ég skil ekki, ég veit ekki
ég man ekki

- **Stjórn og framkvæmdastjóri** skulu bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár og skal ársreikningurinn hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar
- Í félögum, sem hafa ekki formlega stjórn, hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. **Jafnframt skal fylgja ársreikningnum áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna**
- Ársreikningurinn með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal mynda eina heild. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og ef um er að ræða móðurfélag skulu þau undirrita samstæðureikninginn
- **Í undirrituninni felst að ársreikningurinn er saminn í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa, sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, ber honum skylda til að gera grein fyrir því í áritun sinni**
- Ársreikningur með undirritun stjórnenda og áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal lagður fram í samræmi við samþykktir félaganna **en í síðasta lagi viku fyrir aðalfund**

Lög um einkahlutafélög

sbr. 44. gr. EHL

EÐA - Ég tók að mér
stjórnar-formennskuna í
greiðaskyni

Það er algengt að reyni á þetta í
skattarefsimálum

- Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 41. gr.
- Framkvæmdastjóri annast **daglegan rekstur félagsins** og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina
- **Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri skal hann sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti**

Er ég stikkfrí?

20% eða
37,6% skattur

eða skaðabótaskyldur

Íbúðir voru áður
vandamál

- A rekur bókhaldsþjónustu. Nýlega var hún beðin um að aðstoða við skipti á dánarbúi
- Erfingi þess er B og er hann einkaerfingi búsin. Dánarbúið á **peningalegar eignir** og leggur A til að þær verði seldar á 60 millj. Gerir dánarbúið það
- Í framhaldi útbýr A erfðafjárskýrslu og greiðir B 10% skatt af heildareignum búsin að frádregnum heildarskuldum
- A er í þeirri trú að greið beri 22% skatt af söluhagnaði viðskiptanna þar sem B er einkaerfingi búsin. Að vonum bregður henni því mikið í brún þegar skattstjóri endurákvarðar skatta búsin og gerir því að greiða 37,6% skatt af hagnaði viðskiptanna
- Þegar B leitar til A og kvartar yfir ráðgjöf hennar verður þó lítið um svör. Í raun er **SORRY** það eina sem henni tekst að mögla upp. Er það fullnægjandi svar að þínu mati?

Íbúðarhús

Ekki vandamál í dag

sjá lög nr.165/2010

3. gr.

Við 8. mgr. 17. gr. laganna bætist:
og sölu íbúðarhúsnæðis úr dánarbúi
manns enda séu uppfyllt framangreind
skilyrði um eignarhaldstíma og
stærðarmörk

Stundum er þó betra að ...

- að láta dánarbúið selja. Munið eftir stelpunni sem erfði kvóta
- Skattur af honum er 36,94% til 46,24% og getur hún því sparað sér allt að 8,64% skatt með því að láta db. selja
- AF HVERJU ER ÞETTA SVONA?

Starfsábyrgðartrygging löggiltra endurskoðenda, sbr. 6. gr. laga nr. 79/2008

- Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi **vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af GÁLEYSI í störfum hans eða starfsmanna hans samkvæmt lögum þessum**
- Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn réttindi sín, sbr. 1. mgr. 24. gr
- Ráðherra skal, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, ákveða lágmark á fjárhæð tryggingar skv. 1. mgr. og hámark eigin áhættu váttryggingartaka
- Endurskoðandi skal fyrir 15. janúar ár hvert senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu

Skattaráðgjafar

Ekki bundið við aðila í skattaparadísunum

Sjá nánar 4. mgr. 92. gr.TSL

57. gr. A TSL

- Fjármálafyrirtæki, **endurskoðendur**, **lögmenn** og **aðrir aðilar** skulu **halda sérstaka skrá** yfir þá viðskiptavinum sína sem þau veita **skattaráðgjöf** eða aðra þjónustu, sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild viðskiptavinanna að rekstri félaga, sjóða eða stofnana sem skráð eru erlendis eða eiga eignir þar. Er þeim skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá er þau beiðast þess

Fyrirkomulag ársreikningisins

- Í lögum um ársreikninga er **ekki** að finna ákvæði um framsetningu ársreikningsins sem slíks
- Hins vegar má hafa hliðsjón af Reglugerð nr. 694/1996, um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi
- Skv. því er framsetningin svona, sjá <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf58b439f05a7f412f00256a07003476bc/0bf3db6242e0065800256a080032e0cd?OpenDocument>

Sjá einnig

- Reglugerð nr. 664/2008, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga.
- Reglugerð nr. 696/2019, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Telja ber fram í íslenskum krónum
Að vísu segir þetta hvergi berum orðum í
tekjuskattslögunum en verður ráðið óbeint af
91. gr. TSL

- Skýrslu **lögðila** sem heimild hafa til að semja ársreikning í **erlendum gjaldmiðli** skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð, um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og skulu fjárhæðir vera í íslenskum krónum
- Svo að unnt sé að leggja á verður því að umreikna eignir og skuldir, tekjur og gjöld ársreikningsins í íslenskrar krónur miðað við gengi hlutaðeigandi gjaldmiðils í árslok

Um gerð ársreikninga í erlendri mynt

Sjá 10. gr. BÓK

- Meginregla:
 - Bókhaldsbækur skulu vera til staðar hér á landi. **Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum**
- Undantekningarregla:
 - Þrátt fyrir ofangreinda meginreglu geta félög, sem skyld eru að gera ársreikninga skv. lögum um ársreikninga, fengið heimild til að færa fjárhæðir í bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli
 - **Texti í bókhaldsbókunum skal vera á íslensku, dönsku eða ensku**
- Þetta er svo endurtekið í ársreikningslögum ...

7. gr. ÁRS

- Meginregla
 - Texti ársreiknings og samstæðureiknings, sem samdir eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal vera á íslensku **og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum**
- Undantekningarregla
 - Þrátt fyrir ofangreinda meginreglu geta félög fengið heimild til að færa bókhaldsbækur í **erlendum gjaldmiðli** og semja og birta ársreikninga í þeim gjaldmiðli
 - Birti félag ársreikning sinn jafnframt í íslenskum krónum skal í skýringum geta um hvaða aðferðum er beitt við samningu ársreikningsins
 - **Texti ársreiknings hjá félagi sem heimild hefur til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal vera á íslensku, dönsku eða ensku → mál er allir kunna**

9. gr. ÁRS

Umsóknarferlið

- Umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skal berast ársreikningaskrá **tveimur mánuðum** fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs
- Félög, sem stofnuð eru á árinu, skulu leggja fram umsókn eigi síðar en **tveimur mánuðum eftir stofnun** þeirra ásamt rökstuðningi um að starfsemi þeirra muni uppfylla ákvæði 8. gr. Félag, sem fengið hefur heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skv. 2. mgr. 7. gr., skal viðhalda þeirri aðferð í **a.m.k. fimm ár** nema það uppfylli ekki lengur skilyrði 8. gr.
- Telji félag sig ekki lengur uppfylla skilyrði 8. gr. ber því að tilkynna ársreikningaskrá um það. Að fenginni heimild ársreikningaskrár skal það færa bókhald sitt og semja ársreikning í íslenskum krónum miðað við næsta reikningsár
- Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með því að félög, sem fengið hafa heimild skv. 1. mgr., uppfylli skilyrði 8. gr., sbr. 117. gr. og getur hún fellt niður heimild félags til að færa bókhald í erlendri mynt komi í ljós að svo er ekki:
 - Uppfylli félag ekki skilyrði 8. gr. skal ársreikningaskrá afturkalla heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli við upphaf næsta reikningsárs. Ársreikningaskrá getur veitt félagi frest í tvö reikningsár telji hún ástandið tímabundið

Geta allir fengið leyfi til að færa ársreikninga í erlendum verðmæli

- Réttur til að færa bókhald og gera ársreikning í erlendum verðmæli er háður nánar tilteknum skilyrðum
- Þessi skilyrði grundvallast á viðskiptasjónarmiðum, hallkvæmnisrökum. Fyrirtæki verður þannig að hafa einhver erlend tengsl. Hér til teljast
 - **starfræksla**. Ef eiginleg starfræksla fyrirtækis er erlendis liggur í hlutarins eðli að best fari á því að gera það upp í ...
 - **eignatengsl**. Sama máli gegnir ef Fyrirtæki er dóttir erlendrar móður eða móðurfélag erlendrar dóttur
 - **tekjutengsl**. eða Aflar stærsta hluta tekna sinna erlendis og eða
 - **fjárfestingartengsl**. Stundar mestmegnis fjárfestingar erlendis

8. gr. ÁRS

Fyrsta skilyrðið er kannski svoldið óljóst. Þannig inniber það bæð rekstur, sbr. orðið meginstarfsemi og móður og dótturfélags tengsl, sbr. orðin hluti erlendar samstæðu

- Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings **í erlendum gjaldmiðli**. Félög, sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða, geta sótt um slíka heimild:
 1. Félög sem eru með **meginstarfsemi sína erlendis** eða eru **hluti erlendar samstæðu** þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna
 2. Félög sem **eiga erlend dótturfélög** eða hlutdeild í erlendum félögum og **meginviðskipti** eru við þessi félög
 3. Félög sem hafa **meginstarfsemi sína hér á landi** en eru með **verulegan hluta tekna** sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu
 4. Félög sem hafa **verulegan hluta fjárfestinga** sinna í erlendum fjárfestingarvörum og **skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum**, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Starfrækslugjaldmiðill

- Félag sem fengið hefur leyfi til að færa bókhald og gera ársreining í erlendum verðmæli skal gera það í starfrækslugjaldmiðli sínum
- Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem **meginhluti** viðskipta félags eða samstæðu fer fram í
- Út af fyrir sig getur þetta verið hvaða gjaldmiðill sem er svo fremi að hann sé skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi
- Færsla bókhalds og gerð ársreiknings leysir félag hins vegar ekki undan skyldunni til að gera afrit af ársreikningi sínum á íslensku, dönsku eða ensku

Umreikningur, sjá 10. gr. ÁRS lkr. í erlendan gjaldmiðil

- Félög, sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skulu **umreikna** fjárhæðir í **efnahagsreikningi** fyrra árs á **lokagengi** þess árs → meginregla
- Þó er **heimilt** að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem **varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti** (í félögum), á **upphaflegu kaupgengi** → undantekning
- Jafnframt er **heimilt** að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því **gengi** sem gildi þegar **innborganir** fóru fram
- Við umreikninginn skal lögbundinn varasjóður ávallt **nema sama hlutfalli af hlutafé** í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum
- Hinar umreiknuðu fjárhæðir mynda **upphafsstærðir** í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli og skal gera grein fyrir umreikningsaðferðum í skýringum við ársreikning

Upphafsstaða, umreikningur skv. 10. gr. ÁRS

Hér er ekkert fjallað um fyrningargrunn
Sjá hins vegar 91 gr. TSL

YFIRLIT

- **Meginregla.** Fjárhæðir efnahagsliða í efnahagsreikningi fyrra árs skal miðað við lokagengi þess árs
 - Eignir umreiknast á kaupgengi en skuldir á sölugengi
- FRÁ ÞESSARI REGLU ERU TVÆR UN DANTEKNINGAR
- **Undantekning 1.** Varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti í félögum **má** umreikna á **upphaflegu kaupgengi** bjóði aðila svo við að horfa
- **Undantekning 2.** Jafnframt **má** umreikna hlutafé og stofnfé miðað við **gengi á innborgunardegi**
- Varasjóður ... óbreytt hlutfall af eigin fé

Tímamark umreiknings

- Umreikningur miðast við áramót/lok rekstrarárs hlutaðeigangi félags
- Tekjur og gjöld, eignir og skuldir færast svo með venjulegum hætti eftir því sem líður á árið
- Við framtal til skatts er svo allt umreiknað aftur
Um fyrirkomulag þessa er fjallað í 91. gr. TSL
- Upphaflega voru aðeins eignir og skuldir umreiknaðar. Við skattskilin þarf hins vegar bæði að umreikna eignir og skuldir og tekjur og gjöld
- Er það nauðsynlegt svo að unnt sé að leggja á

Hvað segja skattalögin?

Meginreglur

varanlegir rekstrarfjármunir og hlutafé

- Skýrslu lögaðila sem heimild hafa til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og skulu fjárhæðir vera í íslenskum krónum.
- Fjárhæðir skulu umreiknaðar í íslenskar krónur á eftirfarandi hátt:
 - a) Tekjur og gjöld á árinu, þar með taldar fyrningar, **skulu** umreiknuð í íslenskar krónur á **meðalgengi** reikningsársins
 - b) Eignir, skuldir og eigið fé **skal** umreiknað í íslenskar krónur á gengi í **lok viðkomandi reikningsárs**
 - c) Gengismunur, sem kann að myndast, við umreikning ársreiknings úr erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur skv. a- og b-liðum **skal ekki hafa áhrif á tekjur (og gjöld) í rekstrarreikningi**

Ekki raun-
verulegar
tekjur

Sérreglur um varanlega rekstrafjármuni og hlutafé

- Við umreikning í starfrækslugjaldmiðil **skal** umreikna fyrningargrunn eigna og fengnar fyrningar, stofnverð ófyrnanlegra eigna og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun á **lokagengi** þess reikningsárs og skal skattalegt stofnverð ákvarðast í samræmi við þann umreikning
 - Ekki er því heimilt að nota upphaflegt kaupgengi eins og skv. ÁRS – ólíkur tilgangur
- Fasteignir skal telja til eignar skv. 1. tölul. 73. gr. TSL og eignarhlutir í félögum skulu færðir til eignar skv. 5. tölul. 73. gr. það er skv. fasteignamatsverði og nafnverði
 - Umreikningur þessa miðast því við sölugengi (banka) í árslok eða þegar eign er keypt

Sala varanlegra rekstrarfjármuna

kaupgengi: það gengi sem banki kaupir gjaldeyri á

sölugengi: það gengi sem banki selur gjaldeyri á

- Við sölu á eignum sem umreiknaðar hafa verið í starfrækslugjaldmiðill þarf að finna hagnað í íslenskum krónum
- Eins og venjulega telst Hagnaður mismunur á söluverði og stofnverði
- Sé stofnverð greitt í starfrækslugjaldmiðli verður að umreikna það í ísl. krónur miðað við kaupgengi í banka á söludegi – annars verður að ganga út frá sölugenginu
- Frá því dregst svo bókfært verð eignarinnar miðað við kaupgengi á þeim degi er hún var keypt

Söluhagnaður af hlutabréfum

Valregla: það sem lægra er af öðru tveggja,
upphaflegu kaupverði eða nafnverði að teknu tilliti til verðlagsbreytinga
Kaupverðsregla (hið sögulega kaupverð)

1. Við sölu á eignarhlutum í félögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við ákvæði 2. málsl. 4. mgr. 18. gr. eða 3. mgr. 19. gr. eftir því sem við á í íslenskum krónum en söluverðið skal umreikna í íslenskar krónur á daggengi við sölu → valregla
 - Hér er gert ráð fyrir að söluverðið sé greitt í starfrækslugjaldmiðli og þarf því að umreikna það í ísl. krónur miðað við kaupgengi dagsins
2. Við sölu eignarhluta í félögum sem seljandi hefur eignast eftir 1996 skal stofnverð þeirra ákvarðað í íslenskum krónum miðað við daggengi við kaup en söluverð skal umreiknað miðað við daggengi við sölu → kaupverðsregla

Frestaður söluhagnaður

Rekstrartap

- Þegar frestaður hluti söluhagnaðar er skattlagður skal fjárhæð hans færð til tekna **óbreytt í krónum talið frá því ári sem hann myndaðist**
 - Hér fer semsé enginn umreikningur fram
- Rekstrartap frá fyrri árum skv. 8. tölul. 31. gr. skal fært til frádráttar rekstrarhagnaði ársins **óbreytt í krónum talið frá því sem fram kemur í greinargerðum** á þeim rekstrarárum er tapið myndaðist
 - Hér fer semsé enginn umreikningur fram

Yfirlit

samanburður á reikningsskilum og skattskilum

Reikningsskil - uppgjör

- Tekjur og gjöld
 - Enginn umreikningur
- Eignir og skuldir
 - Meginregla
 - árslokagengið
 - Undantekning
 - varanlegir rekstrarfjármunir
 - kaupdagsgengi
 - hlutafé
 - innborgunargengi

Skattskil - álagning

- Tekjur og gjöld
 - Meðaltal miðgengis
- Eignir og skuldir
 - lokaárgengi
- Hagnaður af sölu eigna
 - Kaupdags- og söludagsgengi
- Sérreglur
 - Frestaðar tekjur, rekstrar tap
 - Haldast óbreytt í skattskilunum og umreiknast því ekki

Umreikningsgengi

- **Tekjur og gjöld:**
 - Nota skal meðaltal miðgengis milli kaupgengis og sölugengis á árinu
- **Eignir:**
 - Kaupgengi í lok rekstrarársins
- **Skuldir og eigið fé:**
 - Sölugengi í lok rekstrarársins
- **Almennt:**
 - Nota ber gengisskráningu Seðlabanka Íslands nema félag telji eðlilegra að ganga útfrá gengisskráningu aðalviðskiptabanka síns

Vsk - skil

Launamiðar o.fl.

- Vskskil
 - Gefa má út reikning í erlendri mynt.
Fjárhæð vsk. verður þó ávallt að vera í íslenskum krónum
- Launamiðar
 - Sé félagi skylt að upplýsa skattyfirvöld um greiðslur til annarra aðila, sbr. 92. gr. TSL er því skylt að láta slíkar upplýsingar í té í íslenskum krónum

Hversu margir telja fram í erlendri mynt?

Innlent - 15. júlí 2010, 10:15

20 fyrirtæki gera upp í erlendri mynt



Mynd: ADSEND

Tuttugu útgerðarfyrirtæki og fyrirtæki sem starfa að sölu- og markaðsmálum á sjávarafurðum gera upp ársreikninga sína í erlendri mynt, samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra. Viðskiptablaðið greindi frá því í síðustu viku að átta af tíu stærstu útgerðarfélögum landsins hafa fært uppgjörsmynt frá krónum yfir í evru eða Bandaríkjadal.

Af þessum 20 fyrirtækjum færa þrettán þeirra reikninga sína í evrum. Þetta gera þær til þess að endurspegla betur tekjur og skuldir félaganna sem eru að mestu leyti í erlendum myntum.

Jafnframt hefur breyting á uppgjörsmynt haft jákvæð áhrif á eiginfjárstöðu fyrirtækjanna.

OG ÞEIM MUN ÖRUGGLEGA FJÖLGA VEGNA ÞESS AÐ

Fréttablaðið, | 12. feb. 2011 11:00

Atvinnulífið vill ekki lengur krónuna



Finnur Oddsson. Endurreisn efnahagslífsins hefur gengið of hægt, segir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Fréttablaðið/vilhelm

„Þetta kemur ekki á óvart. Öll óvissa sem tengist krónunni og gengi hennar er eingöngu til vandræða,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Rétt rúm sextíu prósent forsvarsmanna um fjögur hundruð fyrirtækja telja annan gjaldmiðil en íslensku krónuna þjóna best hagsmunum viðskiptalífsins, samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar Viðskiptaráðs. Tæpur fjórðungur þátttakenda í könnuninni, 24 prósent, telur krónuna gegna hlutverkinu vel.

Í könnuninni var ekki spurt hvaða gjaldmiðill þátttakendur töldu þjóna hagsmunum landsins betur en krónan.

Mestur stuðningur við annan gjaldmiðil er í þjónustu- og orkugeiranum og í smásölu en langminnstur í fiskvinnslu og útgerð.

Finnur bendir á að annars vegar sé krónan varin með höftum sem geti ekki gert annað en dregið úr trúverðugleika hennar, bæði hér og erlendis. Hins vegar endurspegli virði hvers gjaldmiðils, bæði gengi hans og trúverðugleiki, heilbrigði þess efnahagslífs sem hann grundvallast á.

„Flestir eru sammála um að of hægt hefur gengið að koma efnahagslífinu af stað. Það hlýtur að rýra virði krónunnar. Vegna hafta endurspeglast þessi virðisrýrnun hugsanlega síður í genginu. En það gera viðhorf forsvarsmanna atvinnulífsins til krónunnar,“ segir Finnur.

Viðhorfskönnunin var gerð dagana 13. til 31. janúar síðastliðinn. Í úrtakinu voru 720 forsvarsmenn í atvinnulífinu og var svarhlutfall 57 prósent. - jab


RÚV
4. mars 2012

ForsíðaÍþróttirMenningMannlífBarnaefniUm RÚV
InnlentErlentDagskráÞættirUpptökur

Gera upp í erlendri mynt

Fyrst birt: 04.03.2012 11:23 GMT, Síðast uppfært: 04.03.2012 11:23 GMT



Fleiri en 260 íslensk fyrirtæki gera frekar upp í erlendum gjaldmiðli en íslenskri krónu, þar á meðal hátt í fjörutíu útgerðarfélög og sölufélög sjávarafurða.

Fyrirtækjum sem gera upp í erlendri mynt hefur fjölgað mjög frá því það var heimilað fyrir nokkrum árum. Það gera þau til að sleppa við þann kostnað sem fylgir sveiflum í gengi krónunnar ef megnið af tekjum þeirra er í erlendri mynt.

Ef bókhald fyrirtækja og uppgjör eru í sama gjaldmiðli og tekjurnar má draga úr kostnaðarsömum og óheppilegum gengisáhrifum á afkomu og eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna.

Alls hafa 344 fyrirtæki fengið heimild til að gera upp í erlendri mynt, þar af eru 262 félög enn starfandi.

Flest félög gera upp í bandaríkjadóllum, 155, en litlu færri, eða 143, gera upp í evrum. Nokkur félög gera upp í pundum eða öðrum gjaldmiðlum.

Á meðal þessara 262 félaga eru mörg af stærstu fyrirtækjum landsins eins og Actavis, Alcan, Alcoa, Bakkavör, Becromal, Bláa lónið, CCP, Eimskip, Elkem, Eskja, HB Grandi, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Icelandair, Iceland seafood, Icelandic Group, Icelandic water holding, íslensk erfðagreining, Landsvirkjun, Latibær, Marel, Marorka, Norðurál, Promens, Rammi, Samherji, Síldarvinnslan, Verne Holding, Vinnslustöðin, Þorbjörn og Össur.

Flest félög, sem gera upp í erlendri mynt eru eignarhaldsfélög en þrjátíu og átta félög sem stunda útgerð eða sölu sjávarafurða gera upp í erlendum gjaldmiðli.

Titján félög eru tengd flugrekstri og 17 félög í fjármálaþjónustu. Einnig komast aðrir atvinnuflokkar á blað t.d. álframleiðsla, hugbúnaðargerð, starfsemi höfuðstöðva, framleiðsla á gosdrykkjum, ölkelduvatni og öðru átöppuðu vatni, lyfjaframleiðsla.

Til baka


Evrópusamtökin

Leita í fréttum mbl.is
Leita



Evrópusamtökin


Bloggsíða

Evrópusamtakanna, sem er þverpólitískur vettvangur áhugamanna um Evrópusamvinnu.

Gerast félagi

Nýjustu færslur

- » Andrés Pétursson í FRBL: Meirihluti fyrirtækja gerir upp í evrum
- » Skýr skilaboð: Skyr vinsælt í Finnlandi, en stoppar vegna þes...
- » Heimssýn gubbar á nýja stjórnarskrá á Twitter: Súperhúmorista...
- » Orkumál, ESB og fleira á föstudagsfundi í í H.Í
- » Guðmundur Gunnarsson: Tryggjum efnahagslegt fullveldi Íslands

Efn

- » Forsíða
- » Gestabók
- »  RSS

Eldri færslur

- » Nóvember 2012
- » Október 2012
- » September 2012
- » Ágúst 2012
- » Júlí 2012

4.11.2012 | 17:23

Andrés Pétursson í FRBL: Meirihluti fyrirtækja gerir upp í evrum



Ein mest lesna greinin á www.visir.is þess fyrstu helgi í nóvember er eftir **Andrés Pétursson**, formann Evrópusamtakanna, en hún byrjar svona:

“Í nýlegri frétt í Tíund, fréttablaði Ríkisskattstjóra, kemur fram að árið 2011 hafi í fyrsta skipti meirihluti íslenskra fyrirtækja sem gera upp í erlendri mynt ákveðið að gera upp ársreikning sinn í evrum. Hingað til hefur Bandaríkjadollarinn verið vinsælasta uppgjörsmýntin. Þetta er áhugaverð staðreynd því dómsdagsspámenn í bloggheimum og einstaka fjölmiðill hafa í langan tíma reynt að sannfæra íslenskan almenning að evran sé ótækur gjaldmiðill og að Evrópa standi í ljósum logum. Það er greinilegt að þessi íslensku stórfyrirtæki eru ekki á sama máli.

Þegar Alþingi ákvað árið 2009 að sækja um aðild að Evrópusambandinu var eitt af markmiðunum að kanna möguleika á því að taka upp evru og koma þannig á stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Síðan þá hefur ýmislegt gerst í evrópsku efnahagslífi og aðildarviðræðurnar dregist á langinn. En það hefur ekkert breyst varðandi þá staðreynd að íslenskt efnahagslíf er í fjötrum gjaldeyrishafta og fátt bendir til annars en að við þurfum á utanaðkomandi aðstoð að halda til að koma okkur út úr þeirri úlfakreppu.

Hvort það er aðild að Evrópusambandinu sem getur aðstoðað okkur á eftir að koma í ljós því ekki er búið að ljúka viðræðunum. En eina leiðin til að komast að því er að ganga þá götu til enda sem Alþingi ákvað fyrir rúmum þremur árum. Síðan er það íslensku þjóðarinnar að ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún er sátt við það sem úr þeim viðræðum kemur.”

Ps. Minnum á aðalfund Evrópusamtakanna, 15.11, næstkomandi. Sjá eldri frétt hér á blogginu.

Skattaskuldbindingar

Sjá 27. gr. ÁRS

Bókhaldslegt – ekki skattalegt vandamál

- Færa **skal til gjalda og skuldar** fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna **skýrt skilgreindra skuldbindinga**, svo sem **skattskuldbindinga** og eftirlaunaskuldbindinga, sem varða reikningsárið eða fyrri ár **og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn**. Þær skulu ekki nema hærri fjárhæð en nauðsynlegt er talið
- Þótt ekki sé heimilt að draga skattskuldbindingar og eftirlauna skuldbindingar frá tekjum eða eignum skv. skattalögum væri ósanngjarnt gagnvart lánardrottnum, hluthöfum (núverandi og væntanlegum) o.fl. að geta þeirra ekki í ársreikningi fyrirtækisins. Þetta eru jú skuldir sem svara verður til einhvern tímann í framtíðinni. Ársreikningurinn myndi því ekki gefa **rétta myndi** af efnahaginum ef þeim væri sleppt

Skýringar, sjá 57. gr. ÁRS

- Upplýsa skal um heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á árinu og eigna í lok þess
- Upplýsa skal um skattaleg áhrif af óreglulegum rekstrarliðum
- Upplýsa skal um **frestaða skattskuldbindingu** eða **skattinneign** vegna mismunar á gjaldfærðum sköttum á reikningsárinu og fyrri árum annars vegar og þeim sköttum, sem álagðir eru vegna sömu ára, hins vegar - nema þessar upplýsingar hafi óverulega þýðingu
- Upplýsingar skv. 3. mgr. 57. gr. ÁRS skulu bera með sér á hvaða liðum ársreiknings skattkvöðin hvílir

Hvenær reiknum við skattskuldbindingar

- Reikna ber skattskuldbindingu þegar:
 - skattlagningu söluhagnaðar er frestað eða dreift
 - skattlagningu gengishagnaði og gengistapi er dreift
 - mat eigna er endurmetið til hækkunar t.d. í tilefni af útgáfu jöfnunarhlutabréfa – má ekki lengur
 - reksturinn gengur með tapi
- Skattskuldbindingin er 20% eða 37,6% af hinum frestuðu/dreifðu tekjum o.fl. eftir því hvort um er að ræða ehf. eða sf.
- Skattskuldbindingin grundvallast á varúðarsjónarmiði bókhaldsins/reikningsskilanna
- Strangt tiltekið er þó ekki skylt að reikna hana nema hjá félögum sem skila ber ársreikningi skv. ÁRS

Framtal í erlendri mynt. **Hliðrað framtalsár**
Hver finna ég þessar upplýsingar?
Ákvarðadi bréf

- Leiðbeiningar um framtalsskil félaga sem hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli - endurútgáfa bréfs frá 18. september.13. október 2003 → T-Ákv. 03-010
- Verklagsreglur um heimild til að miða tekjuskatt og eignarskatt við **hliðrað framtalsrár** dags. 30. mars 2004 → T-Ákv. 04-003
- Um gildistöku afnáms eignarskatts á félög sem hafa annað reikningsár dags. 26. ágúst 2005 → T-Ákv. 05-00
- Afbrigðilegt reikningsár - Lagaskil - Afnám verðleiðréttinga dags. 4. september 2002 → T-Ákv. 02-0082002-09-0087

Framtal til skatts

Rekstrarárið - tekjuárið

- Skattframtalið byggist á ársreikningnum. Helstu niðurstöðu tölur rekstrarreikningsins og efnahagsreikningsins eru þannig einfaldlega færðar yfir í skattframtalið eftir því sem form þess áskilur eða heimtar
- **Rekstrarárið er venjulega tólf mánuðir, sbr. 4. gr. ÁRS**
 - Reikningsárið skal vera tólf mánuðir og miðast við mánaðamót. Nýtt reikningsár hefst daginn eftir að fyrra reikningsári lýkur
- **Hið sama gildir um tekjuárið, sbr. 59. gr. TSL**
 - Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema ...
 - Það er því 12 mánuðir líka

Stutt og langt rekstrarár

- Við stofnun og slit félags eða þegar verið er að breyta reikningsári getur reikningsárið verið skemmra en tólf mánuðir
 - Þessu er eins farið um skattskilin. Hefjist rekstur t.d. 1. des. er tekjuárið aðeins 1. mánuður
- Reikningsár getur þó verið allt að 15 mánuðir ef það er nauðsynlegt til að breyta reikningsári til samræmis við reikningsár samstæðu sem félagið er hluti af eða rekstrarári samrekstrarfélags sem það er eigandi að, sbr. 3. mgr. 40. gr. ÁRS
 - Þessu er eins farið um skattskilin. Fái félag heimild til að breyta tekjuári og tímabilið frá lokum síðasta tekjuárs til upphafstíma nýja rekstrarársins er skemmra en 3 mánuðir skal bæta stubbnum við nýja tekjuárið. Ekki þarf því að telja fram fyrir stubbinn sérstaklega

Reglulegt framtalsár

Hliðrað framtalsár

- Reglulegt framtalsár miðast við almanaksárið. Árið hefst því 1. jan. og lýkur 31. des. næst á eftir
- Ekki er víst að þetta ár henti öllum fyrirtækjum jafn vel. Um getur verið að ræða árstíðabundinn atvinnurekstur og því hugsanlegt að fyrirtæki vilji ljúka árinu þegar lægð er í stafseminni
 - Þetta gildir t.d. um fiskveiðar. Fiskveiði árið er þannig frá 1. sept. til 31. ágúst. Vegna þessa gæti útgerðaraðili talið heppilegra að miða skattframtal sitt við slíkt tímabil
- Hliðstæðu máli gegnir ef fyrirtæki er hluti af samstæðu sem notar annað rekstrarár en almanaksárið

59. gr. TSL

- Tekjuskatt skal miðað við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema
 1. annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða
 2. hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár
- Getur ríkisskattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins
- Ákvörðun ríkisskattstjóra um synjun má skjóta til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga um yfirskattanefnd

1. mgr. 59. gr. TSL

Heimildin einskorðast við lögaðila

- Tekjuskatt skal miða við **tekjur** næsta almanaksár á undan skattákvörðun, **nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein** aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár
 - Af orðunum „**rekstrarár í atvinnugrein aðila**“ má ráða að aðeins þeir sem stunda atvinnurekstur geti haft hliðrað tekjuár. Heimildin takmarkast því við atvinnurekendur
 - Atvinnurekstur getur auðvitað bæði verið stundaður af einstaklingum og lögaðilum, sbr. 1. og 2. gr. TSL
 - Einstaklingum ber ávallt að miða við almanaksárið sem skattár og þar sem einstaklingar geta ekki haft tvö skattár er þeim í raun fyrimunað að hafa hliðrað skattár
- **Aðeins lögaðilar geta því haft hliðrað tekjuár/skattár**

Veiting leyfis og kæra synjunar um veitingu leyfis

- Ríkiskattstjóri veitir lögaðilum heimild til að hafa hliðrað reikningsár
- Hafni ríkisskattstjóri ósk aðila um breytt reikningsár sætti sú ákvörðun áður kæru til fjármálaráðherra skv. stjórnarsýslulögum
- Nú má hins vegar kæra til YSN. Ath. að synjun ríkisskattstjóra verður þó auðvitað að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum

Framkvæmd álagningar

tímabilið frá lokum síðasta reikningsárs
til upphafs þess nýja lengri en 3. mánuðir

- Fyrirtæki er hefur almanaksárið sem framtalsár fær heimild til að miða framtalsárið við tímabilið frá 1. apríl til 30. mars
- Heimildin tekur gildi á árinu 2019. Ekki þarf að telja stubbinn (tímabilið frá 1. jan. til 30. mars) fram sértaklega. Framtalsárið nær því frá 1. jan. 2019 til 30. mars 2020. Tekjuárið umrætt ár er því 15. mánuðir
- Lögaðilar hafa að jafnaði 6 til 8 mánuði til að telja fram. Ofan nefndur aðili þyrfti því að skila framtali sínu eigi síðar en 1. des. 2020

Framkvæmd álagningar

tímabilið frá lokum síðasta reikningsárs
til upphafs þess nýja er 3. mánuðir eða skemmra

- Fyrirtæki er hefur almanaksárið sem framtalsár fær heimild til að miða framtalsárið við tímabilið frá 1. sept. til 31. ágúst
- Heimildin tekur gildi á árinu 2019. Vegna þessa verður fyrirtækið að gera upp tímabilið 1. jan. til 31. ágúst 2019 sérstaklega. Tekjuárið umrætt ár er því 8. mánuðir
- Lögaðilar hafa að jafnaði 6 til 8 mánuði til að telja fram. Ofannefndur aðili þyrfti því að skila framtali sínu eigi síðar en 1. apríl 2020

Dómur Hæstaréttar dags. 20. janúar 2011 í málinu nr. 212/2010: Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. gegn íslenska ríkinu

- Ö krafðist ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra þar sem því var hafnað að Ö væri heimilt að miða skattár félagsins við annað tímabil en almanaksárið. Ágreiningur málsins laut að því hvort skilyrðum 1. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt væri fullnægt
- Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að víkja frá meginreglunni um almanaksár með heimild skattyfirvalda ef öðru af tveimur skilyrðum er fullnægt, **annað hvort að venjulegt rekstrarár í atvinnugrein þess, sem leitar heimildar, sé annað en almanaksárið eða hann sýnir þegar hann telur fram til skatts að reikningsár sitt sé í reynd annað**
- Talið var að Ö uppfyllti **hvorugt** skilyrði 1. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003 og var í því sýknað í málinu

MÁLEFNALEG Viðmið

- Ríkisskattstjóri skal fallast á óskir um breytt reikningsár ef eitthvert eftirtalanna atriða eru til staðar:
 1. Að félagið sé að mestu starfandi í atvinnugrein þar sem venjulegt reikningsár sé ekki almanaksárið og annað tímabil sé eðlilegt og algengt að nota til uppgjors á rekstri. Ekki nægir að til staðar séu venjulegar árstíðasveiflur
 2. Að óskað hafi verið samsköttunar fyrir félagið með móðurfélagi sem þegar hafi fengið samþykkt annað reikningsár en almanaksárið og að önnur skilyrði samsköttunar séu uppfyllt
 3. Að félagið sé í nánnum fjárhags- og eignatengslum við annan aðila, innlendan eða erlendan, sem hafi reikningsár, sem víki frá almanaksárinu og verulegir hagsmunir tengist því að fjárhagslegt uppgjör aðilanna fari saman

Uppgjör tekjuskattsstofns við álagningu

LOTUN TEKNA

- Tekjum og gjöldum ber skipta á milli rekstrarára á grundvelli tímafærslureglunnar í 2. mgr. 59. gr. TSL
- Hið sama gildir um Eignir og skuldir, sbr. 73. gr. TSL
- Við ákvörðun framtalsfrests, lok álagningar og kæru skal ganga út frá **sama dagafjölda** og við reglulega álagningu
- Álmennar fyrningar eru að meginstefnu **HLUTFALLS-LEGAR**. Straxfyrningar tilheyra hins vegar því ári sem efnt hefur verið til kostnaðarins
- Við álagningu ber að miða við þau skatthlutföll sem í gildi eru þegar lagt er á nema annað komi fram í hlutaðeigandi lögum
 - Sjá til fróðleiks gildistöku ákvæði laga nr. 61/2008 í þessu sambandi

Efni: Svar við erindi félagsins, dags. 7. febrúar 2014 varðandi heimild til að miða tekjur til álagningar tekjuskatts við reikningsárið 1. nóvember til 31. október í stað almanaksársins, sbr. ákvæði 1. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003.

Samkvæmt 59. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er það almenn regla að tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun. Ríkisskattstjóri getur þó veitt félagi heimild til að miða tekjuskatt við það rekstrarár sem félagið ákvarðar í samræmi við 4. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Í bréfi umboðsmanns félagsins um ástæður beiðni fyrir breyttu reikningsári segir m.a.:

“Í lok síðasta árs eignaðist félag að nafni Airmar (<http://www.airmartechology.com/>) öll hlutabréfin í Marport ehf. Samkvæmt samþykktum móðurfélagsins er reikningsár þess frá 1. nóv. til 31. okt. ár hvert. Á sérstökum aukafundi Marports ehf., sem haldinn var í Bandaríkjunum hinn 16. jan. sl., voru þessi mál til umræðu og kom fram að æskilegt væri frá viðskiptalegu sjónarmiði að rekstrarár dótturfélagsins, það er Marport ehf., yrði það sama og móðurfélagsins, það Airmar technology. Með hlidsjón af því samþykkti fundurinn að breyta 20. gr. samþykpta Marports ehf. þannig að í stað almanaksársins verði tímabilið 1. nóv. til 31. okt. framvegis reikningsár.

Samkvæmt 59. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt er breyting á reikningsári háð samþykki ríkisskattstjóra. Með vísan til ofangreindra málavaxta fer Marport ehf. þess hér með á leit að fyrirtækinu verði veitt heimild til að hafa tímabilið 1. nóv. til 31. okt. ár hvert sem reikningsár frá og með 1. jan. 2014. Með hlidsjón af því að almanaksárinu 1. jan. til 31. des. 2013 er lokið myndi fyrsta reikningsár félagsins því hefjast 1. jan. 2014 og ljúka 31. okt. 2014 (8. mánuðir), annað myndi hefjast 1. nóv. og ljúka 31. okt. 2015 (12. mánuðir) og svo koll af kolli.”

Ríkisskattstjóri telur með vísan til framkominna raka og skýringa að fyrir hendi séu skilyrði til að fallast megi á beiðni félagsins og því verði heimilt að miða uppgjörstímabil sitt til álagningar gjalda sem tilkynna ber samkvæmt 98. gr. laga nr. 90/2003 við 12 mánaða reikningsár félagsins, þ.e. frá 1. nóvember til 31. október ár hvert í stað almanaksársins, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Skattframtal 2015 verður þá fyrir tímabilið frá 1. janúar 2014 til 31. október 2014 og skattframtal 2016 fyrir tímabilið 1. nóvember 2014 til 31. október 2015 enda tilkynni félagið um breytt reikningsár til Fyrirtækjaskrár.

Samkvæmt framsögðu, sbr. ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 3/2004, dags. 30. mars 2004, gilda eftirfarandi reglur um framtalsskil og framtalsgerð:

- 1 Skattframtali og ársreikningi skal skila að loknu tilgreindu reikningsári innan þess mánaðarfjöldi sem samsvarar auglýstum almennum skilafresti á árinu hjá þeim sem hafa



RÍKISSKATTSTJÓRI

SKATTSTOFAN HAFNARFIRÐI

Suðurgötu 14 - 220 Hafnarfjörður - Sími 442 1000
Fax 442 1999 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

almanaksárið sem reikningsár, þannig að álagning fari fram innan tíu mánaða eftir lok reikningsárs, sbr. 93. gr. laga nr. 90/2003.

- 2 Launamiða ber að útfylla miðað við launagreiðslur á **almanaksári** og skila í sama framtalsfresti og aðrir skattaðilar sem hafa almanaksárið sem reikningsár, sbr. 92. gr. laga nr. 90/2003. Sama gildir um uppgjör annarra greiðslna og upplýsinga sem skylt er að gefa upp til skattýfirvalda samkvæmt sömu lagagrein.

Frá og með álagningu 2010 gilda þær reglur varðandi gjaldstofn tryggingagjalds hjá félögum, þar sem ekki fer saman reikningsár og almanaksárið, að gjaldstofn tryggingagjalds skal nú miða við **launagreiðslur almanaksársins** samkvæmt launamiðum.

Gera skal grein fyrir launum og tengdum gjöldum í reitum 3030 - 3100 á skattframtali RSK 1.04 m.v. **almanaksár**; sjá í þessu sambandi einnig leiðbeiningar um útfyllingu launamiða. Reit 3170 skal nota til leiðréttingar á launaliðum m.t.t. ársreiknings. Sundurliðun tryggingagjaldsstofns í reit 9625 á launaframtalshluta RSK 1.04, sem gera á grein fyrir eftir mánuðum í reitum 9661 - 9672, fylgir því **almanaksárinu**.

- 3 Almennar fyrningar samkvæmt 37. gr. laga nr. 90/2003 reiknast með venjulegum hætti þegar upphaf rekstrar og reikningsárs fer saman eða frá og með breyttu reikningsári. Þegar uppgjörstímabilið er styttra en 12 mánuðir ber þó að hlutfalla almennar fyrningar samkvæmt nefndri 37. gr. Því ber fyrir uppgjörstímabilið 1. janúar 2014 til og með 31. október 2014 að reikna almennu fyrninguna sem 83,33% af ársfyrningu. Þá skulu fyrningar eigna skv. 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. skattalaga reiknast af bókfærðu verði í upphafi reikningsárs.

Aðrar fyrningar skulu reiknast með venjulegum hætti í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2003.

- 4 Þegar svo háttar í skattalögum að miða skuli við kaup- eða sölugengi í árslok, eða vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs, skal við mat á eigna- og skuldaliðum, sbr. 5. og 6. tölul. 73. gr. og 75. gr. laga nr. 90/2003 miða við kaup- og sölugengi í lok reikningsárs og vísitölu í næsta mánuði á eftir lokum reikningsárs.
- 5 Þegar skattskil miðast við annað tímabil en almanaksárið skal fara eftir þeim lögum og reglum sem giltu við lok reikningsársins. Á þetta einkum við um skatthlutfall og fyrningar.

Fyrirvari er gerður um aðlögun vegna breytinga á skattalögum.

Verði um vanhöld að ræða varðandi ofangreinda skilmála mun heimild þessi afturkölluð.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra

Geiðsla fyrirtækjaskatta

Ekki staðgreiðsla heldur eftirágreiðsla

- Hagnaður af rekstri er ekki staðgreiðsluskyldur. Tekjuskattur af honum er því **ekki** greiddur á sama tíma og hann myndast heldur **eftir á** þegar álagning liggur fyrir
- Skv. 112. gr. TSL er heimilt að skylda fyrirtæki að greiða fyrirfram upp í væntanlega álögð gjöld þann tekjuskatt sem telja má líklegt að lagt verði á þau
- Þennan tekjuskatt ber að greiða í 10 skipti og eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og sá mánuður sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. 1. mgr. 93. gr.

Lækkun eftirágreiðslu

REGLUGERÐ um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2020 nr. 1227/2019

- Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda, sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu ársins 2020 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækkun skal senda ríkisskattstjóra til ákvörðunar
- Ríkisskattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 5. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2019 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2018. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati ríkisskattstjóra

Huglæg skattskylda

Hverjir eiga að borga fyrirtækjaskatt?

- Einstaklingar í rekstri. Já án nokkurs vafa - en hvað með
- Lögaðila og ef svarið er jákvætt hvaða lögaðila eigum við að skatta sérstaklega

Greiðslugetureglan, þar með talið getan til að greiða skatt

Eiga lögaðilar að greiða skatt? Væri ekki eðlilegra að skattleggja eigendurna

Hvers vegna greiða fyrirtæki ekki stighækkandi skatta

- Tekjuskatturinn byggist á greiðslugetu. Því meiri tekjur sem maður hefur því hærri skatt **Á** hann með réttu að greiða
- Aðeins menn hafa greiðslugetu. Tekjum lög- aðila ætti því með réttu að skipta á milli eigendanna og skattleggja hjá þeim. Þetta er gott og blessað en er það **framkvæmanlegt**

NÝ VIÐHORF

- Sérstakur fjársýslu(tekju)skattur skv. lögum nr.165/2011
 - Sjá 71. gr. laga nr. 90/2003. Nánar, sjá 2. gr. laga um fjársýsluskatt
 - Sérstaki fjársýsluskatturinn skal vera 6% af tekjuskattsstofni yfir 1.000.000.000 kr., sbr. 2. tölul. 61. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
 - Við álagningu sérstaks fjársýsluskatts skal ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps

Hlutleysissjónarmið

Skattasjónarmið - félagaréttarsjónarmið

- Ákvæðum við að skattleggja eigendurna er ekki víst að allir myndu geta greitt skattinn
 - **Sumir eru einfaldlega ríkari en aðrir**
- Fyrirtækin myndu því neyðast til að úthluta arði sem ef vill væri betra að nýta til fjárfestinga og áframhaldandi starfsemi/vaxtar o.fl.
- Atvinnurekstur getur líka verið mjög áhættusamur. Ekki er því hægt að ætlast til þess að menn geti eða vilji stunda hann með ótakmarkaðri ábyrgð á skattskuldum fyrirtækisins

Jafnréttisreglan

- Um suma starfsemi verður því að stofna félög. Áhættan er einfaldlega svo mikil
 - Þetta er hinn kaldí raunveruleiki
- Og þar sem skattlagningin byggist á vissri jafnréttisreglu er óhjákvæmilegt annað en að samþykkja að ákveðnir lögaðilar geti verið sjálfstæðir skattaðilar
- Þetta er grundvöllur skattalaganna, sbr. 2. gr. TSL

Rekstrarform

Hvað ræður vali: **Umfang og eðli starfsemi svo og áhætta af rekstri**

- Atvinnurekstur er semsé bæði unnt að stunda á eigin kennitölu manns og í nafni lögaðila sem gagngert er stofnaður í þessu skyni
- Í næstu glærum munum við kíkja aðeins á helstu auðkenni fyrirtækjaskattlagningar og reyna að leggja mat á það hvaða form henti starfsemi okkar hverju sinni
- Ef þú vilt skoða málið nánar máttu það í glæru pakka 9.

Einstaklingar í rekstri

Lögaðilar

- Skattskylda manna í rekstri byggist á 1. gr. TSL, sbr. B-lið 7. gr. TSL
- Um skattskyldu lögaðila er hins vegar fjallað í 2. gr. TSL, sbr. B-liður 7. gr. TSL
 - Orðið lögaðili þýðir persóna að lögum eða Lögpersóna. Nánar tiltekið er um að ræða ákveðna efnahagslega einingu eða heild sem lög eða réttarframkvæmd hefur samþykkt að geti borið réttindi og átt skyldur

Alheims
skattskylda

2. gr. TSL

Ótakmörkuð skattskylda

Innlendar og
erlendar tekjur
koma til skatts

World Wide

- Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem heimilisfastir eru hér á landi

Hlutfélagaskrá,

1. Skráðum hlutfélögum og einkahlutfélögum, svo og samlagshlutfélögum, enda ...
2. Gagnkvæmum váttryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum, öðrum samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum ...
3. Samlagsfélögum og sameignarfélögum með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda sé félagið skráð í firmaskrá hér á landi, ...
4. Samlögum og samtökum sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsaðila sinna, innkaup á rekstrarvörum eða þjónustu í beinum tengslum við atvinnurekstur ...
5. Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. og 6. tölul. 4. gr., svo og dánarbúum og þrotabúum

Firma
skrá

LögAðilar undanþegnir skattskyldu

Ein- og tvískattlagning

- Lögaðilar eru ýmis einskattlagðir eða tvískattlagðir
- Með einskattlagningu er átt við það að hagnaður af rekstri sé aðeins skattlagður einu sinni
 - annað hvort hjá fyrirtækinu eða eigendum þess
- Tvískattlagning merkir því eðlilega að hagnaðurinn sæti skattlagningu tvisvar sinnum, það er fyrst hjá fyrirtækinu og svo hjá eigendum þess
 - Algengt er að tekjur sæti tvískattlagningu. Í því sambandi gerum við greinarmun á **lagalegri tvískattlagningu** og **efnahagslegri tvískattlagningu**

Tvískattlagning

lagaleg og efnahagsleg tvískattlagning

- Lagaleg tvískattlagning á sér stað þegar **tvö eða fleiri lönd** skattleggja sömu tekjurnar tvisvar sinnum á sama ári
- Um **Efnahagslega tvískattlagningu** er hins vegar að ræða þegar **sama landið** skattleggur sömu tekjurnar hjá sitthvorum aðilanum
 - Dæmi þessa er t.d. er ríkið skattleggur fyrst hagnað hlutafélags og svo arð hluthafanna

Ein og tvískattlögð fyrirtæki ótakmörkuð og takmörkuð ábyrgð

- Einskattlagðir aðilar – hverjir eru það
 - Sameignarfélög
 - Samlagsfélög
 - Samlög (t.d. Olíusamlög)
- Tvískattlagðir aðilar – hverjir eru það
 - Hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög
 - Samvinnufélög

Persónubundin
félög

Ópersónubundin
félög

Þetta er hin
klassíska
aðferð

Tvískattlagning

Nánar um eðlið

- Tvískattlagning fyrirtækjahagnaðar skiptist í:
 - Úttektarskattlagningu, það er tekjuskattlagningu félagsins
 - Úthlutunarskattlagningu, tekjuskattlagningu þátttakandans / þátttakendanna, hluthafans / hluthafanna
- Dæmi: A er eigandi X ehf. Við endurskoðun á skattskilum þess kom í ljós að hann hafði látið félagið greiða fyrir sig persónulegan kostnað að fjárhæð 1 millj.

Ath. nú 2. mgr. 11. gr. TSL

 - Við leiðréttingu á skattskilum X er kostnaðurinn feldur niður. Við það hækkar tekjuskattsstofn félagsins. Jafnframt er kostnaðurinn talinn til tekna hjá A sem laun. Hækkunin gengur því til baka

Fjárhagsleg og Ófjárhagsleg félög

- **Fjárhagsleg félög** eru stofnuð og rekin í hagnaðarskyni. Markmið þeirra er því að auðga eigendurna ef til vill með arðsúthlutun. Hér til teljast
 - Hlutafélög, þar með talið einkahlutafélög, samlagshlutafélög og samvinnufélög
- **Ófjárhagsleg félög** ganga hins vegar út á það að fullnægja einhverju æðra málefni eða hugsjón. Aukaatriði er því hvort reksturinn skili hagnaði eða tapi.
 - Slík félög úthluta því ekki arði. Sé arði úthlutað getur það meira að segja bent til þess að félagið sé ekki almennt félag heldur sameignarfélag (ekki sjálfstæður skattaðili)
 - Almenn félög, sjóðir og stofnanir, sjá 5. tölul. 1. mgr. 2.

gr. TSL



Ríkið má neita að borga Zuistum

16.01.2020 - 08:36 Dóms- og lögreglumál • Innlent • Trúarbrögð



Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur sýknaði ríkið í gær af kröfu trúfélagsins Zuism. Forsvarsmenn félagsins töldu ríkið brjóta á sér með því að neita að greiða því sóknargjöld. Sýslumaður sem sér um málefni trúfélaga hafði beðið Fjársýslu ríkisins að stöðva greiðslu sóknargjalda þar sem upplýsingar frá félaginu töldust ekki sýna fram á að það uppfyllti reglur.

Í dóminum segir að mjög hafi skort á upplýsingagjöf frá Zuistum. „Stefnandi gerir því ekki grein fyrir því hvaða góða málefni það var sem hann veitti háa styrki árið 2017, í hverju aðkeypt þjónusta fyrir umtalsverðar fjárhæðir fólst, svo og hvaða kostnað tengdan viðburðum félagið þurfti að greiða og síðast en ekki síst hvaða tengdi aðili það var sem fékk afar hátt lán frá stefnanda árið 2017. Í ársreikningnum voru ekki skýringar við einn einasta lið.“

Síðar skiluðu Zúistar inn öðrum ársreikningi, nokkuð breyttum, sem dómari taldi ef eitthvað er gera enn óljósara í hvað peningar félagsins hefðu farið.

Síðar skiluðu Zúistar inn öðrum ársreikningi, nokkuð breyttum, sem dómari taldi ef eitthvað er gera enn óljósara í hvað peningar félagsins hefðu farið.

Þá kemur fram í dóminum að sýslumaður leitaði upplýsinga hjá yfirvöldum í Delaware sem konnuðust ekki við móðurkirkju Zuista. Þeir höfðu vísað til móðurkirkju Zuism í Delaware þegar þeir sóttu um skráningu sem trúfélag. Þegar sýslumaður óskaði upplýsinga um þetta svöruðu Zúistar því að hann gæti eflaust fengið staðfestingu um stofnun og starfsemi Zuista í Delaware frá félagaskrá ríkisins.

Ekki fengust heldur upplýsingar um athafnir, samkomur og endurgreiðslur til félagsmanna.

Dómarinn sagði að embætti sýslumanns hefði fyllilega gætt meðalhófs og tiltók að þótt svo gögn frá félaginu væru ófullnægjandi hefðu greiðslur aðeins verið stöðvaðar mánuð í senn þótt alvarlegri úrræði hefðu komið til greina. Því væri ekki séð að hægt hefði verið að beita vægara úrræði. Þá sagði dómarinn að enn sem komið er hefðu Zúistar ekki veitt sýslumanni fullnægjandi upplýsingar um starfsemi sína og fjármál.

Dánarbú og protabú

taka yfir öll réttindi og skyldur

- Dánarbú og protabú eru sjálfstæðir skattaðilar
- Skattskylda þeirra stofnast við andlát/uppkvaðningu úrskurðar um gjaldprotaskipti
- Skv. lögum hafa þessi fyrirbæri takmarkað hlutverk
- Tilgangur þeirra er þannig umfram allt að gera upp eignir og skuldir hins látna/gjaldprota og miðla þeim áfram til erfingja/kröfuhafa
- Dánarbú og protabú geta stundað atvinnurekstur og lýtur hann almennum reglum um slíka starfsemi

YSÚ 301/1997

Hús félag. Ekki skattskyld.

- Í málinu var annars vegar deilt um álagningu tekjuskatts og eignarskatts á húsfélag í fjöleignarhúsi og hins vegar um ákvörðun skilaskyldrar staðgreiðslu félagsins og álag vegna meintra vanskila félagsins á staðgreiðslu. Tveir eignarhlutar í húsinu voru eign félagsins samkvæmt þinglýstum heimildum og var álagning opinberra gjalda á félagið samkvæmt endurákvörðun ríkisskattstjóra byggð á því að félagið hefði haft leigutekjur af þessum eignarhlutum
- Að virtum ákvæðum laga um fjöleignarhús komst yfirskattanefnd að þeirri niðurstöðu að telja bæri sameign í fjöleignarhúsum eign hinna einstöku eigenda, þannig að eignarhluti hvers um sig reiknaðist eftir hlutfallstölu, enda yrði að telja að um væri að ræða eina tegund **sérstakrar sameignar**. Fengi ekki staðist að telja húsfélagið skattskyldan lögaðila vegna þessara eigna og skattskyldra tekna af þeim. Hvíldi skattskyldan að þessu leyti **á hinum einstöku eigendum** í samræmi við hlutdeild þeirra. Var það niðurstaða yfirskattanefndar að fella bæri niður tekjuskatt og eignarskatt á húsfélagið
- Þá var hnekkð þeirri niðurstöðu ríkisskattstjóra að kæra til hans vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hefði borist að liðnum kærufresti. Vísaði yfirskattanefnd til þess að lög um staðgreiðslu opinberra gjalda hefðu engin ákvæði að geyma um kærufresti. Því bæri að beita ákvæðum stjórnsýslulaga um það efni.

Skattskylda

lögaðila

- Full skattskylda- world wide principle
 - Alheimsreglan. Allar tekjur hvaðan sem þær stafa koma til skatts
 - Skattlagningarheimild 2. gr. TSL, sbr. B-liður 7. gr. TSL
- Takmörkuð skattskylda – territorial principle
 - Upprunalandsreglan. Eingöngu þær tekjur sem uppruna eiga í landinu koma til skatts
 - Skattlagningarheimild 3. gr. TSL, sbr. 70. gr. TSL (útreikningur skattsins, skatthlutföll)

Ótakmörkuð skattskylda

- Allir menn sem eru heimilisfastir á Íslandi bera ótakmarkaða skattskyldu þar
- Þessu er eins farið um lögaðila. Lögaðilar teljast heimilisfastir á Ísland ef þeir eru
 - Skráðir hér á landi í hlutafélagakrá, samvinnufélagsskrá, skrá yfir sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, firmaskrá – **aðalviðmið**
- Eða vegna aðseturs **raunverulegrar framkvæmdastjórnar** hér á landi – **hjálparviðmið**. Sjá nánar 2. mgr. 2. gr. TSL

Raunveruleg framkvæmdastjórn?

Sjá 44. gr. EHL

Eftirlit, stefnumörkun

- Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi
- Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins
- Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum **fara eftir þeirri stefnu** og **fyrirmælum** sem félagsstjórn hefur gefið
- Framkvæmdastjóri telst með öðrum orðum **raunveruleg framkvæmdastjórn** í skilningi 2. mgr. 2. gr. TSL og **telst félag eiga heima** þar sem hann tekur þær ákvarðanir sem mestu máli skipta um reksturinn

Úrskurður um heimilisfesti

Sjá 2. mgr. 2. gr. TSL

- Lögaðili skv. 1. mgr. 2. gr. TSL telst eiga hér heimili
 - Stofsetningarreglan – hverja getur ríkið skattlagt
 - ef hann er skráður hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða
 - Aðsetursreglan - hverja getur ríkið skattlagt
 - ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi
- Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hvaða lögaðilar skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. **Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.** Ekki er því unnt að kæra Ákvörðunina til yfirséðanefndar - **Breytt**

Lög nr. 96 30. desember 2017

1. gr.

KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr.
90/2003, með síðari breytingum

1. gr.

Í stað orðanna „dómstóla að stefndum ríkisskatt
stjóra vegna ráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. og 3.
málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: yfirskattanefndar
eftir ákvæðum laga um yfirskattanefnd

Altæk skattskylda

- Skattskyldan er altæk. Allir lögaðilar sem heimilisfastir eru á Íslandi eru því skattskyldir nema þeir séu gagngert undanþegnir skattskyldu skv. lögum
- Um aðila sem **undanþegnir** eru skattskyldu er að finna ákvæði í 4. og 5. tölul. 4. gr. TSL

Nánar um 5. tölul. 4. gr. TSL

Bara þessir aðilar

- **Þessir aðilar greiða ekki tekjuskatt:**

5. Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tölul. 2. gr., **sem ekki reka atvinnu**

- Með atvinnu er átt við atvinnurekstur. Þessir aðilar mega því ekki stunda reglubundna sjálfstæða starfsemi um nokkurn tíma með ákveðnu umfangi í **hagnaðarskyni**

HAGNAÐARSKYN

gróðatilgangur

HUGSJÓNARFÉLÖG – NON PROFIT ORGANIZATION

- Starfsemi, sem fellur undir 5. tölul. 4. gr. TSL einkennist af því að reksturinn hefur **ekki** þann tilgang að skila afgangi. Hagnaðarvonin er því aukaatriði
- Tilgangur félagsins gengur líka sjaldnast út á að selja vörur og þjónustu heldur er um að ræða **ÆÐRA MARKMIÐ** svo sem útbreiðslu ákveðinnar kenningar, (trú og sjórmál), íþróttaiðkunar, hvers konar fræðslu, hjálp og aðstoð við fólk sem minna má sín
- Þessi félög þurfa almennt ekki að telja fram og fyrir vikið er lítið sem ekkert eftirlit með framtalsskilum

Alm. hugsjónafélög eða eigin hagsmunafélög. Félagið mitt

Ekstra Bladet | Forsiden | Nyheder | Sport | Fodbold | flash! | nationen! | Forbrug | Sex & samliv | Side 9

Samfund 28 min. siden 7 Kommentarer 0 f Del 0 t Del Mail Print

Fond-fuskere: Fik spørgsmål om børn - smed røret på

Fundraiser Danmarks telefonsælger smed røret på, da Dorte bad om navnet på det seneste barn, som deres godgørende arbejde havde hjulpet

Af: **Peter Korsgaard**, **Simon Terpager Schultz**, **Simone Agger** [Follow @PeterKorsgaard](#) 101 followers



« Forrige Dorte Sædal Wolter kunne fredag læse om Fundraiser Danmark i Ekstra Bladet. Det firma kender hun kun alt for godt. (Foto: Rasmus Flindt Pedersen) 1 af 2 Næste »

Siden Ekstra Bladet fredag afslørede telesalgsvirksomheden Fundraiser Danmark i omfattende fusk, er det væltet ind med henvendelser fra læserne. Alle vil gerne fortælle om deres dårlige oplevelser med firmaet og fonden Foreningen Ønskebørn, som Fundraiser Danmark påstår, at de rejser penge til.

Men endnu har avisen ikke hørt fra et eneste barn, der er blevet hjulpet af Foreningen Ønskebørn.

Læs også: Fundraiserfirma: Samler penge ind til ulovlig fond

Det tror Dorte Sødal Wolter fra Regstrup ved Holbæk, at der er en meget logisk grund til.

– Der er ingen børn. Der har aldrig været nogen børn, og det er jo det, der er det allermest groteske ved det her, siger hun.

Som medejer af firmaet Dansk Bilspedition A/S har Dorte Sødal Wolter tidligere haft dårlige erfaringer med at støtte et lignende foretagende. Derfor var hun på vagt, da hun 24. januar i år blev ringet op af en kvindelig sælger fra Fundraiser Danmark.

Læs også: Fup-fond meldt for bedrageri

– Vi diskuterer i længere tid og jeg prøver at forklare, at hendes firma ikke hjælper nogen børn, men at hendes chefer bare sidder og scorer kassen. Til sidst siger jeg, okay så giv mig navnet på det sidste barn, som Foreningen Ønskebørn har hjulpet, fortæller Dorte Sødal Wolter.

Det siger telefonsælgeren, at Dorte godt kan få, men beder hende om at hænge på, imens hun taler med sin chef.

– Jeg venter et par minutter, så bliver røret lagt på, forklarer Dorte Sødal Wolter.

Læs også: Lokker arbejdsløse med fantasiløn

Ekstra Bladet ville gerne havde spurgt Fundraiser Danmarks 22-årige direktør Victoria Riber Hansen og virksomhedens egentlige bagmand Casper Kristensen, hvorfor de ikke vil svare på Dortes simple spørgsmål. Ingen af dem har dog svaret på vores henvendelser.

„Ekkert þælt í þessu“

Ritstjórn Eyjunnar
 Mánudaginn 30. desember 2019 14:41



Örvar Þór Guðmundsson, viðskiptastjóri hjá Prentmet er umsjónarmaður góðgerðafélagsins Samferða, sem í átta ár hefur verið með árlega söfnun til að aðstoða fólk fjárhagslega sem orðið hefur fyrir ýmiskonar áföllum í lífinu.

Sjá einnig: Örvar Þór: „Ein móðirin grét svo mikið af gleði að átta ára dóttir hennar fór að gráta líka“

Hann birtir færslu í dag sem hann segir athyglisverða, en þar birtir hann launakostnað ýmissa félagasamtaka á Íslandi. Tekur hann jafnframt fram að launakostnaðurinn hjá sínu félagi sé enginn, og umsýslukostnaður sé heldur enginn.

Óhætt er að segja að launakostnaðurinn sé nokkuð mikill hjá þeim félögum sem hann nefnir en athuga þarf að umfang, eðli og starfsmannafjöldi þeirra góðgerðarféлага er misjafn sömuleiðis og óvíst að þau falli öll undir sömu skilgreiningu.

Til dæmis eru tæplega 60 starfsmenn hjá Krabbameinsfélaginu, en 20 hjá Unicef. Tólf starfa hjá ABC barnahjálpi og átta starfsmenn í fimm stöðugildum eru hjá SOS barnþorpum. Miðað er við upplýsingar á heimasíðum.

Ekkert þælt í þessu

Örvar segir eflaust flesta lítið hugsa um þann kostnað sem starfsemi góðgerðarféлага útheimti:

„Athyglisvert að skoða tölur hjá hinum og þessum félögum samkvæmt ársreikningum þeirra. Svona eftir að maður byrjaði í þessu góðgerðarbrótti fyrir nokkrum árum. Þar áður hafði maður sjálfsagt líkt og rjóminn af þjóðinni ekkert þælt í þessu.“

Örvar birtir síðan töflu með launakostnaði nokkurra stærstu góðgerðarsamtakanna hér á landi:

- Krabbameinsfélagið: Launakostnaður þeirra var yfir 400.000.000 krónur árið 2018.
- Unicef á Íslandi: Launakostnaður þeirra var um 150.000.000 krónur árið 2018.
- ABC hjálparstarf: Launakostnaður þeirra var um 50.000.000 krónur árið 2018.
- SOS barnþorp: Launakostnaður þeirra var um 40.000.000 krónur árið 2018.

Samanlagt er launakostnaður þessara ólíku félagasamtaka því um 640 milljónir króna á ári.

Margur er knár...

Örvar tekur síðan fram að engin launakostnaður né umsýslukostnaður sé hjá hans samtökum, þó svo tekist hafi að safna veglegri upphæð í ár:

„Samferða góðgerðarsamtök sem ég starfa fyrir: Launakostnaður 0 krónur öll okkar ár. Annar kostnaður reyndar líka 0 krónur öll okkar ár. Árið 2019 styrktum við 93 fjölskyldur hér á landi um samtals

Tekjuöflun

- Hugsjónafélög byggja tekjuöflun sína umfram allt á félagsgjöldum, hvers konar gjöfum og styrkjum
- Einnig er til í dæminu að þau gefi út og selji happdrættismiða, standi fyrir flóamarkaði, basar sölu, sjoppurekstri o. fl.
- Almennt er ekki hægt að útiloka að hagnaður sé af slíkri starfsemi en þar sem hlutdeild hennar í aðalstarfseminni er til þess að gera lítið tíðkast ekki að skattleggja hana sérstaklega
- **Sama gildir um útleigu á HÚSNÆÐI í þeirra eigu undir veisluhöld og þess háttar**

LÍFEYRISSJÓÐIR

- Stunda lífeyrissjóðir atvinnurekstur. Já – ekki er hægt að horfa fram hjá því
 - safna fé, útdeila fé. Stunda fjárfestingar o. fl.
- Um skattlagninguna. Sjá 6. tölul. 4. gr. TSL er hljóðar svo: Þessir aðilar greiða ekki tekjuskatt:
 - Lífeyrissjóðir sem starfa skv. III. kafla laga um skyldu tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar [samkvæmt lögum nr. 78/2007, um starfstengda eftirlaunasjóði

Fjármagnstekjuskattur

Muna 4. mgr. 71. gr. TSL

- Lögaðilar þeir, er undanþegnir eru skattskyldu skv. 1., 2., 4., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr., **skulu þrátt fyrir það greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum**, sbr. 3. (vextir), 4. (arður) og 5. tölul. (stofnfé) C-liðar 7. gr., svo og skv. 8. tölul. sama stafliðar 7. gr., **að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum**
- Skal hann vera 22% af þeim stofni. Afdráttur skatts og innborgun hans samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur **skal vera fullnaðargreiðsla og koma í stað álagningar samkvæmt lögum þessum**

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir ákvæðum 4. mgr. 71 gr., sbr. 5. mgr.:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Íbúða lánasjóður, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Fiskræktarsjóður, lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar
2. Lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum, en fjármagnstekjur þeirra falla undir almenna skattskyldu samkvæmt þeim lögum

Nánar um 4. tölul. 4. gr. TSL

TEKUR TIL HF./EHF. O. FL.

- Þessir aðilar greiða ekki tekjuskatt:
 - 4. Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir **verja hagnaði** sínum **einungis** til **almenningsheilla OG HAFA ÞAÐ AÐ EINASTA MARKMIÐI SAMKVÆMT SAMÞYKKTUM SÍNUM**
- Svo að aðili sé undanþeginn tekjuskatti skv. 4. tölul. 4. gr. TSL þarf hann bæði að fullnægja ákveðnum **formlegum og efnislegum** kröfum. Við skulum nú athuga hvaða kröfur þetta eru
- Þótt þessir aðilar séu undanþegnir tekjuskatti ber þeim eigi að síður að telja fram. Er það nauðsynlegt svo að unnt sé að fylgjast með **ráðstöfun** hagnaðar þeirra

Hinar formlegu kröfur

1. Hlutaðeigandi verður að vera lögaðili. Ath. sérstaklega að allir innlendir (skráðir) lögaðilar geta notið skattfrelsis skv. ákvæðinu
2. Lögaðili verður að starfa skv. skriflegum samþykktum (sönnunarfærsla)
3. Í samþykktunum þarf að koma fram að tilgangur lögaðilas sé **eingöngu** að verja hagnaði sínum til almenningsheilla
4. Þetta **M A R K M I Ð** verður einnig að vera einasta markmið lögaðilans samkvæmt samþykktunum

Hin efnislegu skilyrði

- Leiða af orðunum: „... ef þeir **VERJA** hagnaði sínum **einungis** til **almenningsheilla** ...“
- 1. Ráðstöfun hagnaðarins, sbr. orðið verja. Skv. því er óheimilt að safna hagnaði upp í sjóði. Þetta skilyrði er þó túlkað mjög frjálslega í framkvæmd, sbr. Orator málið. Hagnaðinn má því nota til fjárfestinga o. fl.
- 2. Viðtakendur/njótendur hagnaðarins, sbr. orðið almenningseilla verða að vera
 - a) Almenningur: Ótiltekinn hópur manna gagnstætt einstökum ákveðnum mönnum
 - b) Ótiltekinn hópur. Ekki skipuleg samtök. Skipuleg samtök geta þó verið viðtakendur ef þau eru opin almenningi
 - c) Heilla: Til uppbyggingar frekar en niðurrifs, góðs frekar en ills

Sjá HRD 1966/47(52)

Í máli þessu var deilt um álagningu tekju- og eignarskatts á Íslenska vöruskiptafélagið hf. gjaldárin 1960 og 1961. Kvaðst félagið vera undanþegið skattskyldu samkvæmt 3. gr. laga nr. 46/1954, þar sem það verði hagnaði sínum einungis **til almennra þarfa**

Fógetadómur Reykjavíkur taldi félagið ekki uppfylla ofangreint lagaskilyrði fyrir undanþágu frá skattskyldu. Var úrskurður fógetadóms staðfestur í Hæstarétti, og sagði þar m. a. um ráðstöfun hagnaðarins:

- „Af rjsk. nr. 34, sem umboðsmaður gerðarpola hefur lagt fram í málinu, sést, að á árunum 1957 og 1958 eru nettótekjur gerðarpola kr. 222.528,99, en hann greiðir á þeim árum **ekkert** til almennra þarfa
- Árið 1959 eru nettótekjurnar kr. 66.379,93 og af því fé ráðstafað til styrktar vandamanna þeirra, er fórust með skipunum „Júlí“ og „Hermóði“ í febrúar 1959, samtals kr. 10.000,00 og til Finnboga Guðmundssonar til utanfarar til lækninga vegna lömunar kr. 10.000,00 (liðurinn „Gjafir“ á rjsk. nr. 34, sbr. og rjsk. nr. 35) eða alls kr. 20.000,00
- Árið 1960 eru nettótekjur gerðarpola kr. 16.491,99, og þá gefur gerðarþoli til **Rafnkelssöfnunarinnar** kr. 10.000,00 og til Styrktarfé. vangefinna kr. 30.000,00, eða samtals kr. 40.000,00
- Árið 1961 eru nettótekjurnar kr. 12.852,05, en þá lætur gerðarþoli engar gjafir af hendi rakna
- Gerðarþoli hefur þannig á árunum 1957-1961 incl. haft í nettótekjur samtals kr. 334.633,53, en á sama tíma eigi lagt fram til gjafa nema kr. 60.000,00 samtals, og í þeirri fjárhæð eru að minnsta kosti kr. 10.000,00 (til Finnboga Guðmundssonar), sem eigi geta talist til „almennra þarfa“
- Af þessu virðist ljóst, að gerðarþoli hefur eigi ráðstafað tekjuafgangi sínum á umræddum tíma þannig, að hann hafi með því fullnægt því skilyrði fyrir skattfrelsi, sem sett er í síðari hluta a-liðar 3. gr. laga nr. 46/1954, sbr. og 2. tölulið 8. gr. reglug. nr. 147/1955 um tekjuskatt og eignarskatt, og að gerðarþoli hafi því þegar af þeirri ástæðu orðið skattskyldur af því, er tekur til skatts tveggja umræddra ára skv. fyrri hluta a-liðar 3. gr. nefndra skattalaga, sbr. og síðari hluta 2. tölul. 8. gr. nefndrar reglug. nr. 147/1955.“

Ekki-hagnaðardrifin leigufélög
hvað er það?

Álitaefni

Óskýrt lagaumhverfi

- Get ég breytt samþykktum almennings heilla félalgs , felt t.d. niður hagnaðar tilganginn og ef ég má það - hvaða áhrif myndi það hafa á skattskilin
 - Munið sænsku reglurnar um úttekt ..
- Get ég sameinað félag, er hefur **almenningsheilla** tilgang, félagi sem **EKKI** hefur slíkan tilgang og öfugt
- Hvaða reglur gilda ef félagið, sem hefur almenningsheilla tilgang, er slitið

Val á fyrirtækjaformi

ákvörðunarþættir

- Skammtímasjónarmið
 - Kostnaður við stofnun, sá tími sem það tekur að stofna fyrirtækið
- Langtímasjónarmið
 - Þátttakendaábyrgð
 - Sjórnskipulag
 - Skattlagning
 - Umbreytingarmöguleikar

Sótt 22. febr. 2016

6. jan. 2020

Gjaldskrá

Eftirfarandi er yfirlit yfir kostnað við stofnun og skráningu félaga, fyrirtækja og við gerð vottorða:

Stofnun einkahlutafélags (ehf.)	kr.	130.800	
Stofnun hlutafélags (hf.)	kr.	256.300	
Stofnun sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri (ses.)	kr.	130.800	
Stofnun samvinnufélags (svf.)	kr.	256.300	
Stofnun sameignarfélags (sf.)	kr.	89.300	
Stofnun samlagsfélags (slf.)	kr.	89.300	
Stofnun firma eins manns*	kr.	67.800	
Húsfélag, félagasamtök o.fl.	kr.	5.000	
Útskrift úr fyrirtækjaskrá	kr.	700	
Staðfest vottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.000	
Sérvottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.800	
Ljósrit af gögnum félaga 1-20 bls.	kr.	50	
Ljósrit af gögnum félaga frá bls. 21	kr.	40	
Skráning útibús erlends félags á Íslandi	kr.	256.300	
Löggildning skilanevndar	kr.	2.500	

Gjöld vegna breytinga á skráningu fyrirtækjaskrár

Tilkynning um samruna/skiptingu	kr.	2.950	
Aukatilkynning	kr.	2.950	
Afskráning pr. félag	kr.	2.950	
Breyting úr ehf. í hf.	kr.	127.450	
Breyting úr hf. í ehf.	kr.	11.250	

Gjöld fyrir endurrit úr ársreikningaskrá skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs

Gjaldskrá

Eftirfarandi er yfirlit yfir kostnað við stofnun og skráningu félaga, fyrirtækja og við gerð vottorða:

Stofnun einkahlutafélags (ehf.)	kr.	131.000	
Stofnun hlutafélags (hf.)	kr.	256.500	
Stofnun sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri (ses.)	kr.	131.000	
Stofnun samvinnufélags (svf.)	kr.	256.500	
Stofnun sameignarfélags (sf.)	kr.	89.500	
Stofnun samlagsfélags (slf.)	kr.	89.500	
Stofnun firma eins manns*	kr.	68.000	
Húsfélag, félagasamtök o.fl.	kr.	5.000	
Útskrift úr fyrirtækjaskrá	kr.	700	
Staðfest vottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.000	
Sérvottorð úr fyrirtækjaskrá	kr.	1.800	
Ljósrit af gögnum félaga 1-20 bls.	kr.	50	
Ljósrit af gögnum félaga frá bls. 21	kr.	40	
Skráning útibús erlends félags á Íslandi	kr.	256.500	
Löggildning skilanevndar	kr.	2.500	

Gjöld vegna breytinga á skráningu fyrirtækjaskrár

Tilkynning um samruna/skiptingu	kr.	3.500	
Aukatilkynning	kr.	3.500	
Afskráning pr. félag	kr.	3.500	
Breyting úr ehf. í hf.	kr.	128.000	
Breyting úr hf. í ehf.	kr.	11.800	

Kostnaður við stofnun

Sf./ Slf.	Ehf./ Ses.	Hf. /Svf.
Skráning 89.500+1.000 300 +(2%)	Skráning 131.000	Skráning 256.500
Kennitala 5.000		

Fjöldi þátttakenda, lágmarksstofnfé

Sf. Slf.	Ehf.	Hf.
2 aðilar	1 aðili	2 aðilar
0	500.000	4.000.000
Hvaða aðilar sem eru Menn og ehf. Ath.	Hvaða aðilar sem eru Menn og ehf. Ath.	Hvaða aðilar sem eru Menn og ehf. Ath.

Þátttækendaábyrgð

Sf. Slf.	Ehf.	Hf.
Ótakmörkuð Allt eigið fé þátttak	Takmörkuð við hlutafé	Takmörkuð við hlutafé
Ótakmörkuð og takmörkuð		

Skattlagning - skatthlutföll

Félag	Sf/Slf	Ehf.	Hf
Hagnaður	100	100	100
F-Skatt	36,7	20	20
Úthlutun	63,3	80	80
Þ-Skatt	0	16,7	16,7
Heildar sk	36,7	36,7	36,7

Breyttar forsendur

Helmingur af arði umfram 20% af eiginfé
ber að skattleggja sem laun

- Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. **skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr.** 50% af heimilum úthlutuðum arði **samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög**, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs
- Fellt niður með lögum nr. 142/2013

Skattlagning - lán

Sf. Slf.	Ehf.	Hf.
Ekki bönnuð	Bönnuð	Bönnuð
Viðbrögð Skerðing á vaxtafrádr.	Viðbrögð Skattl. sem laun/gjöf Refsiviðbr.	Viðbrögð Skattl. sem laun/gjöf Refsiviðbr.

Umbreytingarmöguleikar

Til að umbreyta sf. í ehf. verður sf. að vera sjálfstæður skattaðili

Sf. Slf.	Ehf.	Hf.
Slæmir	Góðir	Góðir
Góðir		

Sjórnfyrirkomulag

- Hverjir ráða
- Er krafist meirihluta samþykkis

Yfirlit

- Rekstraráhætta
 - Lítil → sameignarfélag/samlagsfélag
 - Mikil → hlutafélag/einkahlutafélag
- Eðli fyrirtækis – starfsemi. Akadémískar stéttir
 - Lögmenn, endursk., ráðgj → sf. eða slf. frekar en ehf.
 - Fasteignaleiga → ehf. frekar en slf.
- Fjöldi þátttakenda
 - Fáir → sf. eða slf. frekar en ehf. Þetta er þó háð því að traust sé á milli manna
 - Margir → ehf. eða hf. frekar en sf. eða slf.

Sf og slf geta verið viðsjárverð

- Karl og kona í óvígðri sambúð geta stofnað sf. og slf.
- Þetta félag má vera sjálfstæður skattaðili
- Gangi hlutaðeigendur í hjónaband glatar félagið skatthæfi sínu **nema þau fjölgi í félaginu um einn**
- Einnig er unnt að umbreyta því í ehf.

Munar einhverju á skattlagningu einstaklinga og félaga?

- Einstaklingar í rekstri greiða 36,94 - 46,24%% skatt af rekstrarhagnaði en félög aðeins 37,6%
- Skattur einstaklinga er því -0,26% til 9,04% hærri en félaga
- Af hverri milljón í hagnað þurfa einstaklingar því að greiða allt að 90.400 kr. hærri skatt en félög
- Er þetta sanngjart að þínu mati og ef svo er ekki
 - **hvernig getum við þá leiðrétt muninn**

Reiknað vextatekjur og gjöld af eigin fé

ÞAÐ GERA FRÆNDUR VORIR DANIR

- Skattleggja óúttekinn hagnað með 36,94%. Viðbótar-skattur yrði síðan greiddur við úttekt
- Heimila einstaklingum í rekstri að reikna vexti af jákvæðu eigin fé og draga þá svo frá tekjum í atvinnurekstri - stuðlar að eignamyndun
 - Vextirnir yrðu svo skattlagðir hjá eigandanum sem vextir það er fjármagnstekjur og sættu sem slíkir 20% skatti
- Yrði þessi leið farin bæri þá ekki líka að reikna vexti af neikvæðu eigin fé og telja þá fyrirtæki til tekna - JÚ
 - Til gjaldfærslu kæmi þá hjá manninum en þar sem ekki er heimilt að draga vexti frá tekjum við uppgjör tekjuskattsstofns myndi hún ekkert nýtast honum

Ekki meira um þetta

Takk